

Stjórn Júðódeildar UMFN hefur komist að því að Íslands- og bikarmeistarar í liðakeppni (10 eða fleiri í liði) fái 3-500 þúsund kr. fyrir þessa titla. Því er ekki nema von að við sem erum í einstaklingsíþróttum viljum fá að vita hvers vegna þessi mismunun á sér stað og hvort Íþróttaráð telji þetta eðlilegt. Eftir okkar bestu vitund eru karfan og fótboltinn einu íþróttagreinarnar sem hafa kost á að fá pening fyrir þessa titla og finnst okkur þetta ekki sanngjarnt gagnvart deildum sem eru ekki með lið. Við leggjum til að þessu verði breitt í að deildir sem eignast íslandsmeistara í efstu deild (eða efsta styrkleikaflokki) fái 50.000 kr eða einn tíundahluta af því sem tíu mann lið fær. Júðódeildin hefur ekki verið með marga Íslandsmeistara í efstu deild en alltaf 1-2 síðustu árin.

Kveðja,

Karen Rúnarsdóttir formaður Júðódeildar UMFN
Guðmundur Stefán Gunnarsson Yfirþjálfari Júðódeildar UMFN